

## Halldór Karl Hermannsson

---

**From:** Guðbjörg Gabrielsdóttir <gudbjorg@sudurnesjabaer.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 16. mars 2021 13:43  
**To:** reykjaneshofn@reykjaneshofn.is  
**Subject:** Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - Skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun  
**Attachments:** Lýsing\_Aðalskipulag\_Suðurnesjabær\_bæjarstjorn.pdf

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Reykjaneshöfn  
Víkurbraut 11  
230 Reykjanesbær

**Efni:** Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - Skipulags- og matslýsing fyrir heildarendurskoðun

**Óskað er eftir umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna aðalskipulags Suðurnesjabæjar.**

Nýtt aðalskipulag Suðurnesjabæjar felur í sér endurskoðun gildandi aðalskipulaga, þ.e. *Aðalskipulags Garðs 2013-2030* og *Aðalskipulags Sandgerðisbæjar 2008-2024*. Innan sveitarfélagamarka er einnig í gildi *Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030*, en það er ekki hluti af hluti af endurskoðuninni.

Í skipulags- og matslýsingu er farið yfir ýmis atriði sem skipta máli við endurskoðun aðalskipulaga í Suðurnesjabæ. Skipulags- og matslýsing er verklýsing þar sem m.a. er gerð grein fyrir ástæðum endurskoðunar, afmörkun, gildistíma, helstu áherslum, forsendum, fyrirliggjandi stefnu, samráði, tímaferli og umhverfismati áætlunar.

Skipulags- og matslýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofunni að Sunnubraut 4 og á heimasíðu Suðurnesjabæjar, [www.sudurnesjabaer.is](http://www.sudurnesjabaer.is) frá og með þriðjudeginum 16. mars 2021 til og með miðvikudeginum 31. mars 2021. Kynning á skipulags- og matslýsingu fer fram fimmtudaginn 25. mars kl 19.30 í Vörðunni, Miðnestorgi 3, en henni verður einnig streymt á facebooksíðu Suðurnesjabæjar. Athugið að vegna sóttvarnareglna þarf að skrá sig á viðburðinn á [afgreidsla@sudurnesjabaer.is](mailto:afgreidsla@sudurnesjabaer.is) ef ætlunin er að mæta á staðinn. Einnig er hægt að tilkynna þátttöku í síma 425 3000.

Umsagnir um skipulags- og matslýsinguna skulu berast til Suðurnesjabæjar á [afgreidsla@sudurnesjabaer.is](mailto:afgreidsla@sudurnesjabaer.is) eða bréfleiðis á skrifstofu sveitarfélagsins Sunnubraut 4, 250 Suðurnesjabæ undir yfirskriftinni „Aðalskipulag Suðurnesjabæjar“. Frestur til að skila inn er til og með 31. mars 2021.

Meðfylgjandi er skipulags- og matslýsingin í viðhengi.

Með kveðju,



**Magnús Stefánsson**

Bæjarstjóri / Mayor

—

Sunnubraut 4, 250 Garður

—

+354 425 3000

+354 861-8889

—

[www.sudurnesjabaer.is](http://www.sudurnesjabaer.is)